

Akureyrarbær

Ársreikningur

2017

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
kt. 410169-6229

Akureyrarbær

Ársreikningur

2017

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7-8
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Akureyrarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 23.921 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 22.705 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 17.912 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 16.956 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,38% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 557 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 238 milljóna króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 531 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 267 milljónum króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 19.895 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 11.862 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 13.209 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 1.527 stöðugildum.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka með ársreikningi.


Ársreikningur Akureyrarbæjar fyrir árið 2017 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Akureyri 12. apríl 2018.

Bæjarstjóri:



Bæjarráð:




Ingibjörg Þakmar
Eva Þorvaldsson
Sigríður Jónsdóttir
Sigríður B. Steingrimsdóttir

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar staðfestir hér með ársreikning Akureyrarbæjar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Akureyri 2018.

Bæjarstjórn:



Ingibjörg Þakmar
Eva Þorvaldsson
Sigríður Jónsdóttir
Sigríður B. Steingrimsdóttir



Sigríður Dýrðis
Sigríður B.
Sigríður Jónsdóttir
Sigríður B. Steingrimsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Akureyrarbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Akureyrarbæjar fyrir árið 2017 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Ársreikningurinn skiptist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Akureyrarbæ í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir sem samkvæmt okkar faglega mati, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreiknings sveitarfélagsins. Við gefum ekki álit á einstökum lykilþáttum einum og sér en tökum tillit til þeirra við endurskoðun á ársreikningi sveitarfélagsins í heild og við ákvörðun á áliti okkar á honum.

Lykilþáttur:

Lífeyrisskuldbindingar

Nokkur óvissa hefur ríkt um fjárhæð lífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins og á árinu 2017 voru verulegar breytingar á þessum lið í ársreikningi sveitarfélagsins.

Akureyrarbær er í bakábyrgð gagnvart öllum skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) samkvæmt samþykktum sjóðsins. Að mati stjórnenda Akureyrarbæjar bera aðrar stofnanir og fyrirtæki ábyrgð á verulegum hluta af skuldbindingum sjóðsins. Ekki hefur verið gengið frá formlegum samningum í tengslum við þetta en einkum er um að ræða opinbera aðila sem eru að greiða viðbótarframlög inn í sjóðinn vegna þessa. Samkomulag var gert um fullnaðaruppgjör á lífeyrisskuldbindingum Öldrunarheimila Akureyrarbæjar hjá LSA á árinu 2017 og tók ríkið með því yfir 97% af lífeyrisskuldbindingunum.

Frekari skuldbindingar gætu verið til staðar hjá LSR og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga en færðar hafa verið upp hjá sveitarfélaginu, einkum vegna verkefna sem flust hafa milli ríkis og sveitarfélaga. Óvissa ríkir um þessar skuldbindingar en það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að uppgjör á þeim muni ekki hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Í byrjun árs 2018 var skrifað undir samkomulag um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga Akureyrarbæjar hjá Brú lífeyrissjóði. Samkomulagið hefur að hluta til áhrif á ársreikning Akureyrarbæjar fyrir árið 2017 en gerð er grein fyrir áhrifum samkomulagsins í skýringu nr. 19.

Viðbrögð í endurskoðuninni:

Við höfum fengið og yfirfarið upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) og skiptingu á skuldbindingum sjóðsins. Fundur var haldinn með tryggingastærðfræðingi LSA þar sem farið var yfir forsendur og mat, auk þess sem hæfi og óhæði hans var metið. Staðfest var hvaða aðilar eru að greiða viðbótariðgjöld inn í sjóðinn til þess að mæta skuldbindingum hans. Við settum einnig fram væntingar um stöðu skuldbindinganna í árslok og bárum saman við niðurstöður tryggingastærðfræðingsins. Farið var yfir gögn og meðhöndlun á uppgjöri vegna lífeyrisskuldbindinga Öldrunarheimila Akureyrarbæjar.

Við höfum yfirfarið gögn og rætt við stjórnendur um stöðu skuldbindinga sveitarfélagsins gagnvart LSR og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

Við höfum einnig fengið og yfirfarið samninga Akureyrarbæjar við Brú lífeyrissjóð ásamt öðrum gögnum er tengjast því uppgjöri og meðhöndlun þess í reikningsskilum sveitarfélagsins.

Við fórum yfir flokkun, framsetningu og upplýsingar í skýringum í ársreikningi sveitarfélagsins og er það mat okkar að þar séu veittar viðeigandi upplýsingar í tengslum við lífeyrisskuldbindingar sveitarfélagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Akureyrarbæjar. Ef við á skulu bæjarstjórn og bæjarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema bæjarstjórn og bæjarstjóri hafi ákveðið að leysa sveitarfélagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrgð fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.


Áritun óháðs endurskoðanda

Við höfum einnig lýst því yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru taldir lykilþættir í endurskoðuninni. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur komi í veg fyrir að við upplýsum um þá, eða í undantekningartilfellum þegar við metum að ekki skuli upplýsa um slíkan lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu upplýsinganna.

Akureyri, 8. maí 2018.

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi



Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2017	Áætlun	2016	2017	Áætlun	2016
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	10.922.701	10.845.000	10.123.032	10.844.789	10.775.000	10.026.273
Framlög jöfnunarsjóðs	3.194.377	2.804.000	2.819.725	3.194.377	2.804.000	2.819.725
Aðrar tekjur	3.794.538	3.306.548	3.906.800	9.881.618	9.126.269	9.689.348
3	17.911.615	16.955.548	16.849.557	23.920.784	22.705.269	22.535.346
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	4 (10.353.456)	(10.165.966)	(9.597.813)	(13.208.538)	(12.946.578)	(12.359.972)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	15 (1.527.441)	(513.962)	(1.139.770)	(1.123.616)	(525.962)	(1.242.528)
Annar rekstrarkostnaður	(5.339.545)	(4.999.215)	(5.456.359)	(6.731.091)	(6.272.872)	(6.647.471)
	(17.220.443)	(15.679.143)	(16.193.942)	(21.063.245)	(19.745.412)	(20.249.970)
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir						
Afskriftir	7 691.173	1.276.405	655.615	2.857.540	2.959.857	2.285.376
	(832.625)	(834.552)	(803.615)	(1.406.931)	(1.412.745)	(1.530.729)
Rekstrarniðurst. án fjármunatækna og fjármagnsgjalda						
	(141.453)	441.853	(148.000)	1.450.609	1.547.112	754.647
Fjármnt. og fjármsgj	5 (389.119)	(708.872)	(191.883)	(851.762)	(1.219.243)	(810.571)
Rekstrarniðurst. fyrir skatta og áhrif hlutdeildarféлага						
	(530.572)	(267.019)	(339.883)	598.847	327.869	(55.924)
Tekjuskattur	0	0	0	(61.084)	(89.902)	(39.017)
Áhrif hlutdeildarféлага	9 0		0	19.032		14.812
Rekstrarniðurstaða ársins						
	(530.572)	(267.019)	(339.883)	556.795	237.967	(80.130)

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir					
Viðskiptavild					
Viðskiptavild	8	0	0	60.984	68.159
		0	0	60.984	68.159
Varanlegir rekstrarfjármunir					
Fasteignir og lóðir	7	21.413.904	20.565.635	23.797.268	22.750.421
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur	7	1.752.319	1.673.159	12.811.504	11.621.974
Vélar, áhöld og tæki	7	1.311.877	1.212.773	1.702.696	1.499.864
Leigðar eignir	7	258.408	217.597	258.408	217.597
		24.736.507	23.669.164	38.569.876	36.089.856
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutir í dótturfélögum	9	0	0	16.209	16.209
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	9	0	0	237.513	224.980
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	485.909	485.909	733.356	706.210
Langtímakröfur	11	61.685	63.935	13.444	15.364
		547.594	549.845	1.000.522	962.763
		25.284.101	24.219.009	39.631.382	37.120.778
Veltufjármunir					
Birgðir		72.376	68.961	248.848	202.431
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	13	1.307.421	1.312.798	1.706.937	1.685.918
Næsta árs og gjaldf. afb af langtímakröfum	11	3.359	7.462	2.241	2.195
Kröfur á tengd félög		0	0	14.727	31.784
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		405.584	319.032	0	0
Aðrar skammtímakröfur		139.098	340.681	257.019	374.091
Markaðsverðbréf		0	0	404.722	391.968
Handbært fé		1.876.680	1.331.695	3.152.534	2.678.436
		3.804.518	3.380.628	5.787.028	5.366.823
Eignir		29.088.619	27.599.637	45.418.410	42.487.601
Eignir utan efnahagsreiknings	7				

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Eigið fé	14				
Eiginfjárreikningur		11.862.030	11.632.798	19.894.914	18.577.801
Eigið fé		11.862.030	11.632.798	19.894.914	18.577.801
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	15	3.034.807	2.274.523	3.479.228	3.143.439
Tekjuskattsskuldbinding	12	0	0	156.580	136.631
		3.034.807	2.274.523	3.635.808	3.280.070
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	16	9.701.339	9.971.949	14.725.594	16.510.739
Leiguskuldir	17	450.953	436.217	450.953	436.217
		10.152.293	10.408.167	15.176.547	16.946.957
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		574.384	431.684	906.743	702.987
Skuldir við eigin fyrirtæki		516.206	539.316	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	431.368	548.018	2.714.692	714.499
Næsta árs afborganir leiguskulda	17	70.766	61.653	70.766	61.653
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga	15	767.157	245.589	787.826	284.573
Fyrirfram innheimtar tekjur		316.618	152.326	316.618	152.326
Aðrar skammtímaskuldir		1.362.989	1.305.564	1.914.495	1.766.735
		4.039.488	3.284.149	6.711.141	3.682.773
Skuldir og skuldbindingar		17.226.589	15.966.839	25.523.497	23.909.800
Eigið fé og skuldir		29.088.619	27.599.637	45.418.410	42.487.601

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2017	Áætlun	2016	2017	Áætlun	2016
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins	(530.572)	(267.019)	(339.883)	556.795	237.967	(80.130)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	7 832.625	834.552	803.615	1.406.931	1.412.745	1.530.729
Hagnaður af sölu eigna	(1.862)	0	(10.241)	(1.448)	0	(11.175)
Söluh. eignarhl. í öðrum félögum	0	0	0	2.701	0	9.101
Verðb. og gengism. langtímalíða	96.862	348.737	35.264	213.200	551.363	165.254
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	0	0	0	(19.032)	0	(14.812)
Skatteign, breyting	0	0	0	19.949	89.902	21.681
Hækkun skuldbindinga	15 1.527.441	0	1.139.770	1.123.616	0	1.242.528
Veltufé frá rekstri	1.924.495	916.270	1.628.525	3.302.712	2.291.977	2.863.175
Br. á rekstartengdum eignum	192.275	0	(319.593)	15.296	0	(345.333)
Br. á rekstartengdum skuldum	200.125	0	(150.786)	371.659	0	(81.436)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga	(245.589)	0	(189.881)	(284.573)	0	(224.439)
Handbært fé frá rekstri	2.071.307	916.270	968.265	3.405.094	2.291.977	2.211.967
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.	(1.050.699)	(1.322.000)	(936.827)	(2.983.441)	(3.605.200)	(2.381.938)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	2.121	0	173.675	2.640	0	20.678
Fjárf. í eignarhl. í hlutdeildarfél.	0	0	0	0	0	(12.368)
Keyptir eignarhl. í öðrum félögum	0	0	0	(20.636)	0	85.121
Markaðsverðbréf	0	0	0	(12.754)	0	(11.596)
Langtímakröfur, breyting	7.517	7.647	7.453	1.921	0	1.921
Skammtímakröfur, breyting	11.269	0	(42.095)	11.269	0	(42.095)
	(1.029.792)	(1.314.353)	(797.794)	(3.001.001)	(3.605.200)	(2.340.277)
Fjármögnunarhreyfingar						
Arður til hluthafa	0	0	0	(2.199)	0	(5.132)
Tekin ný langtímalán	0	1.715.000	0	655.400	2.246.300	244.558
Afborganir langtímalána	(551.161)	(809.221)	(573.522)	(719.428)	(979.438)	(959.097)
Fyrirfram innh. tekjur, breyting	164.293	0	17.304	164.293	0	17.304
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting	(109.662)	(132.337)	438.127	(28.060)	(45.524)	(1.643)
	(496.530)	773.442	(118.091)	70.005	1.221.338	(704.011)
Hækkun handbærs fjár	544.985	375.359	52.380	474.098	(91.885)	(832.321)
Handbært fé í upphafi árs	1.331.695	635.374	1.279.315	2.678.436	2.095.090	3.510.757
Handbært fé í lok árs	1.876.680	1.010.733	1.331.695	3.152.534	2.003.205	2.678.436

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð gatna, Fasteignir Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Bifreiðastæðasjóður, Byggingarsjóður Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, Félagslegar íbúðir, Framkvæmdasjóður, Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, Hafnasamlag Norðurlands b.s., Norðurorka hf., Strætisvagnar Akureyrar og Öldrunarheimili Akureyrar.

Ársreikningur Akureyrarbæjar fyrir árið 2017 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta.

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar fyrir árið 2017 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 22 í ársreikningnum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna Norðurorku hf. hefur verið endurmetinn sem og lóðir og lendur hjá Eignasjóði gatna.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs gatna, Fasteigna Akureyrarbæjar og Framkvæmdamiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Viðskiptavild er niðurfærð á tíu árum.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimaðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar á stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal annarra tekna/rekstrargjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Norðurorku hf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur í Eignasjóði gatna og veitukerfi og fasteignir Norðurorku hf. eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs gatna, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirkis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs gatna eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Veitukerfi og fasteignir Norðurorku hf. eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum, en endurmat var framkvæmt á árinu 2009. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirkis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Í ársreikningnum eru eignarhlutir í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Eignarhlutar í dótturfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar sveitarfélagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé við kaup. Yfirverð er fært meðal viðskiptavildar og er niðurfært á tíu til tuttugu árum. Þar sem starfsemi dótturfélagsins Flokkun Eyjafjörður ehf. er óveruleg er ársreikningi þess haldið utan við ársreikning móðurfélagsins og ekki gerð samstæðureikningsskil.

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði eða dagverði sé það lægra.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er eignfærður og afskrifaður á líftíma lánsins.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2017. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við 5% ávöxtunarkröfu.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Engar verulegar ábyrgðir eða skuldbindingar utan efnahagsreiknings eru til staðar hjá sveitarfélaginu aðrar en þær sem getið er um í skýringu nr. 15 varðandi lífeyrisskuldbindingar og skýringu nr. 19 um ábyrgðir og önnur mál.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvör.....	9.367.800	9.300.000	9.367.800	9.300.000
Fasteignaskattar.....	1.554.901	1.545.000	1.476.990	1.475.000
	<u>10.922.701</u>	<u>10.845.000</u>	<u>10.844.789</u>	<u>10.775.000</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Framlag vegna fasteignagjalda.....	322.415	295.100	322.415	295.100
Þjónustuframlag.....	279.492	226.900	279.492	226.900
Framlög vegna grunnskóla.....	811.376	708.000	811.376	708.000
Framlög vegna þjónustu við fatlaða.....	1.635.058	1.470.000	1.635.058	1.470.000
Önnur framlög.....	146.036	104.000	146.036	104.000
	<u>3.194.377</u>	<u>2.804.000</u>	<u>3.194.377</u>	<u>2.804.000</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur.....	1.550.342	1.436.420	5.336.789	5.022.791
Eignatekjur.....	930.429	751.921	1.195.096	990.221
Endurgreiðslur.....	1.070.286	928.679	3.084.944	2.902.591
Aðrar tekjur.....	243.481	189.528	264.790	210.666
	<u>3.794.538</u>	<u>3.306.548</u>	<u>9.881.618</u>	<u>9.126.269</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>17.911.615</u>	<u>16.955.548</u>	<u>23.920.784</u>	<u>22.705.269</u>
Álagningarhlutföll				
Útsvar.....		14,52%		
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....		0,38%		
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði		1,65%		

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Laun.....	8.214.717	8.141.430	10.553.906	10.377.361
Launatengd gjöld.....	2.138.739	2.024.536	2.742.104	2.569.217
Eignfærð laun.....	0	0	(87.471)	0
Laun og launatengd gjöld samtals.....	10.353.456	10.165.966	13.208.538	12.946.578
Stöðugildi að meðaltali 2017.....	1.208		1.527	
Stöðugildi að meðaltali 2016.....	1.205		1.522	

Laun bærarstjórnar og bærarstjóra námu 57 milljónum króna á árinu 2017 en námu 46,7 milljónum á árinu 2016.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	2017	Fjárhags- áætlun 2017	2017	Fjárhags- áætlun 2017
Vaxtatekjur	100.813	100.000	171.626	100.000
Arður af eignarhlutum	158.808	159.000	44.441	45.000
Vaxtagjöld	(486.944)	(575.000)	(860.453)	(924.243)
Verðbætur og gengismunur	(172.000)	(407.872)	(216.977)	(450.000)
Vaxtatekjur frá tengdum félögum	3.094	5.000	6.188	0
Eignfærðir vextir og verðbætur vegna framkvæmda	7.111	10.000	6.115	10.000
	(389.119)	(708.872)	(851.762)	(1.219.243)

Skýringar

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur.....		14.814.408	14.814.408	14.338.000
Félagsþjónusta.....	4.234.514	899.369	(3.335.145)	(3.449.018)
Heilbrigðismál.....	23.048	0	(23.048)	(23.353)
Fræðslumál.....	7.642.807	860.422	(6.782.385)	(6.811.014)
Menningarmál.....	950.168	220.012	(730.156)	(730.716)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	2.520.640	584.433	(1.936.207)	(1.963.084)
Brunamál og almannavarnir.....	458.450	223.638	(234.811)	(219.208)
Hreinlætismál.....	359.273	325.507	(33.766)	(28.433)
Skipulags- og byggingamál.....	190.505	51.378	(139.127)	(155.376)
Samgöngumál.....	833.953	38.569	(795.384)	(771.273)
Umhverfismál.....	310.437	17.532	(292.906)	(224.799)
Atvinnumál.....	233.614	37.689	(195.925)	(187.023)
Sameiginlegur kostnaður.....	1.081.774	272.241	(809.533)	(747.092)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	1.527.441	0	(1.527.441)	(513.962)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	65.178	822.374	757.196	813.014
Aðalsjóður samtals.....	20.431.803	19.167.571	(1.264.231)	(673.337)
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður gatna.....	192.028	257.470	65.442	38.251
Fasteignir Akureyrarbæjar.....	2.593.617	3.224.287	630.670	375.442
Framkvæmdamiðstöð.....	500.978	538.525	37.547	(7.375)
Innri færslur A hluta.....	(4.403.560)	(4.403.560)	0	0
A hluti samtals.....	19.314.866	18.784.294	(530.572)	(267.019)
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta fyrirtæki:				
Bifreiðastæðasjóður.....	36.281	41.509	5.228	(561)
Byggingasjóður Náttúrufræðistofnunar.....	(768)	0	768	722
Félagslegar íbúðir.....	427.092	413.025	(14.067)	(3.115)
Framkvæmdasjóður.....	2.986	0	(2.986)	(6.972)
Gjafasjóður Öldrunarheimila Akureyrarbæjar.....	220	1.640	1.420	(8.467)
Hafnasamlag Norðurlands b.s.....	418.470	656.400	237.930	177.498
Heilsugæslustöðin á Akureyri.....	6.620	0	(6.620)	0
Norðurorka hf.....	3.031.985	3.529.638	497.653	505.114
